



## Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 25. mars 2010.

Fundur var haldin í Framkvæmdahóp um byggingu sundlaugar fimmtudaginn 25. mars 2010, kl. 9:00 að bæjarskrifstofu, Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum. Ágúst Þór Bragason setti fundinn og stjórnaði honum.

### Málefni:

1. Verkstaða ýmissa verkþátta.
2. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

#### 1. Verkstaða ýmissa verkþátta:

- Rætt um kaup á búnaði við sundlaug, m.a. startpalla, línur í brautarskiptingar og utanálíggjandi stiga í djúpu lauginni. Samþykkt að taka hagstæðustu tilboðum í kaup á áðurnefndum búnaði.
  - Rætt um kaup á skápum í búningsklefa og munaskápum. Farið yfir fyrirliiggjandi tilboð. Tæknideild falið á kanna málið áfram og að keyptir verði amk. 80 Z-skápar. Samþykkt að kaupa munaskápa samkvæmt tilboði frá Altis.
  - Farið yfir leiðir við aðgangsstýringar. Samþykkt að fara nánar yfir hugmyndir CurrOn sem styðjast við CTS-kort. Samskonar búnaður er á sundstöðum í Reykjavík og Mosfellssveit. Tæknideild vinni áfram að málinu.
  - Rætt um afgreiðslukerfi og búnað því tengdu. Tæknideild falið að koma með tillögur að úrlausnum.
2. Önnur mál.
- Stefán fór yfir með hvaða hætti lagnir verða lagðar vegna sturtuvatns í öllum búningsklefum.
  - Stefán fór yfir annan frágang í búningsklefum og stöðu á einstökum framkvæmdum.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 10.00.

Valgarður Hilmarsson  
Guðmundur Haraldsson  
Stefán Árnason

Ágúst Þór Bragason